

## Kjarnorkuváin, Vondi-Valdi og Dominic Cummings

Eins og kunnugt er skundaði þáverandi forsætisráðherra Bretlands, Boris Johnson, á fund úkraínskra stjórnvalda í Kænugarði, þegar út spurðist, að friðarsamningar væru í deiglu í upphafi stríðsins í Úkraínu. Hann spillti þeim samningum og atti Úkraínumönnum til frekari stríðsátaka, sem kostað hafa þá skelfilegar fórnir.

Mörg hundruð þúsund úkraískir karlar hafa fallið á altari brjálæðinga á borð við Boris og skilja eftir sig ekkjur og föðurlaus börn. Þeir flýja nú herkvaðingu, en eru hundeltir af eigin yfirvöldum, þar sem þeir leita skjóls. Herskáustu nágrannarnir selja þá jafnvel í heldur úkraínskra yfirvalda, svo senda megi þá í sláturhúsið.

Í stríðsvolæðinu hefur upp raust sína hafið – og heldur betur óvænt – ráðgjafi Boris, Dominic Cummings. Hann hefur snúið við blaðinu og segir staðgengilsstríð Bandaríkjanna og Nató vera hrápaleg mistök. Það er auðvelt að taka undir. Hagfræðiprófessorinn, Richard D. Wolff, segir Nató hafa sýnt dómgreindarleysi.

Á skrifandi stundu sækja Rússar fram á öllum vígstöðvum. Þrátt fyrir það halda vestrænir herforingjar sumir því fram, að rússneski herinn sé ekki í stakk búinn til að taka Kharkov. Reynar hefur Vondi-Valdi sagt, að það vaki ekki fyrir honum.

Varnarleysi úkraínska hersins hefur vakið athygli. Í ljós hefur komið, að peningar frá Vesturlöndum, sem fjármagna áttu varnarvirki á svæðinu, hurfu í vasa úkraínskra stjórn mála- og/eða embættismanna. Það skýrir m.a. hraða sókn rússneska hersins.

Fullyrðingar herforingjanna koma spánskt fyrir sjónir í ljósi yfirlýsinga stjórnvalda á Vesturlöndum, þ.e., að nú þurfi að fjölga enn í herliði þeirra í Úkraínu, svo að hún falli ekki í hendur Rússum. Hinn nýi Napóleón Frakka, Emmanuel (Rothschild) Macron, fer þar fremstur í flokki, þótt Bretar kynnu að vera stríðsóðastir. Heimvaldastríð er þeim í blóð borið. Nýju Natóríkin færa sig einnig upp á skaftið. Mette Minkabani ætlar meira að segja að senda F16 orrustuvélar. Svíar eru í svipuðum hugleiðingum.

Það er varla blöðum um það að fletta, að hér er í rammri alvöru rætt um að sækja enn frekar að Rússum, bæði með hefðbundnum vopnum og eins með kjarnorkuvopnum, fái herskáustu stríðsbrjálæðingarnir á Vesturlöndum að ráða.

Rússar bregðast fyrirsjáanlega við. Vondi-Valdi hótar nú að beita skammdrægum kjarnavopnum gegn Nató herjunum. Æfingar hafa verið haldnar. Sagnfræðingurinn, Gilbert Doctorow, kallar þetta „hinn hála veg til þriðju heimstyrjaldarinnar.“ Það eru allar líkur á því, að rússneskir og kínverskir ráðamenn ráði nú ráðum sínum um beitingu kjarnavopna á fundum sínum í Beijing.

Gömlu heimsveldin leggja hart að fyrrum Varsjárbandalagsríkjum að brýna busana. Sumum embættismanna þeirra þykir nóg um og óttast þau átök við Rússa, sem nú virðast í undirbúningi. T.d. flúði pólskur dómari til Hvíta-Rússlands.

Stríðspreyta almennings í hinni stríðshrjáðu Úkraínu hefur náð því stigi, að hann gerir aðsúg að eigin hermönnum. Og enn eru raunir almennings ótaldar. Lánadrottnarnir krefjast afborgana af lánum, samtímis því að land og auðævi þjóðarinnar færast á hendur þeim.

Fjáraustur til úkraínskra spillingaryfirvalda – sem stunda peningabætti fyrir erlenda aðilja – er ótæpilegur. Íslensk yfirvöld taka þátt í þessari ósvinnu, blása í ófriðarbálið. Himar Þór Hilmarsson, prófessor í stjórnsýslufræði, skrifar um þetta í grein í Vísi 14. maí:

„Utanríkisráðherra var greinilega hlyntari skotvopnasendingum og spurði hvort nægjanlegt væri að Bandaríkin sendu stoðtæki og teppi til Íslands ef á okkur yrði ráðist. Þetta er einkennileg athugasemd ...

Ég hefði haldið að í þessari óvissu væri best fyrir vopnlausu smáþjóð að halda sér til hlés í hernaðarbrólti. Veita Úkraínu mannúðaraðstoð t.d. með stoðtækjum til að gera fólki kleift að snúa aftur á vinnumarkaðinn í Úkraínu. Margt bendir til þess að skortur á mannafla sé orðið meira vandamál í Úkraínu en vopnaskortur. Með aðstoð að þessu tagi, sem væri mikilvæg fyrir Úkraínu, væri með engu móti hægt að segja að Ísland væri að ögra Rússlandi. ...

Við þessar aðstæður er óskynsamlegt fyrir vopnlausu smáþjóð að tala á ögrandi hátt til annarra stórvelda, kaupa vopn þeim til höfuðs þó í litlu magni sé, eða taka skyndiákvæðanir um lokun sendiráðs.“

<https://www.visir.is/g/20242570218d?fbclid=IwZXh0bgNhZW0CMTEAAR1N4LigxqaEgXteOPF27cYMRsIBwCjUICGEyJzhVcya3ifTKrB6LYMwoaemAU-d-dS8Jk1HT1W4nD7UWAuim-O5lOEP9uxgaH14jltbpqLO5BlJtRF7n3kP4d7hT8-Qat3NRPbUCrLfgk-ue7e>

<https://www.youtube.com/watch?v=2gRkYUcGax0>

[https://korybko.substack.com/p/russias-tactical-nuclear-weapons?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144356398&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/russias-tactical-nuclear-weapons?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144356398&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/05/stovler-pa-bakken-bidens-plan-for-ukraina/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/stovler-pa-bakken-bidens-plan-for-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/05/ukrainas-kreditorer-vil-ha-penger-tilbake/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/ukrainas-kreditorer-vil-ha-penger-tilbake/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://unherd.com/2023/07/the-capitalists-are-circling-over-ukraine/?tl\\_inbound=1&tl\\_groups%5B0%5D=18743&tl\\_period\\_type=3&mc\\_cid=88990750de&mc\\_eid=3e8fbd0b18](https://unherd.com/2023/07/the-capitalists-are-circling-over-ukraine/?tl_inbound=1&tl_groups%5B0%5D=18743&tl_period_type=3&mc_cid=88990750de&mc_eid=3e8fbd0b18)

<https://johnhelmer.net/canada-is-losing-its-war-against-russia-so-it-has-threatened-senior-army-officers-with-court-martial-for-disloyalty/>

[https://olatunander.substack.com/p/the-abc-of-the-ukraine-war?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=1510517&post\\_id=144104500&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://olatunander.substack.com/p/the-abc-of-the-ukraine-war?utm_source=post-email-title&publication_id=1510517&post_id=144104500&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://www.kitklarenberg.com/p/did-british-intel-create-neo-nazi?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=552010&post\\_id=144092610&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://www.kitklarenberg.com/p/did-british-intel-create-neo-nazi?utm_source=post-email-title&publication_id=552010&post_id=144092610&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.aljazeera.com/news/2021/4/16/ukraine-may-seek-nuclear-weapons-if-left-out-of-nato-diplomat>

[https://steigan.no/2024/05/dekorert-usa-oberstloytnant-det-er-totalt-umulig-for-ukraina-a-vinne-krigen-mot-russland/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/dekorert-usa-oberstloytnant-det-er-totalt-umulig-for-ukraina-a-vinne-krigen-mot-russland/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.19fortyfive.com/2023/05/sad-reality-the-ukraine-war-is-now-going-russias-way/>

[https://steigan.no/2024/05/cameron-ukraina-kan-angripe-russland-med-britiske-vapen/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/cameron-ukraina-kan-angripe-russland-med-britiske-vapen/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/05/ti-ar-siden-odessa-2-mai-2014-massakren-som-startet-krigen/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/ti-ar-siden-odessa-2-mai-2014-massakren-som-startet-krigen/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.globalresearch.ca/russia-eu-nato-hybrid-war/5856046>

[https://steigan.no/2024/05/ukrainakrigens-abc/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/ukrainakrigens-abc/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/a-polish-judge-defected-to-belarus?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144391840&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/a-polish-judge-defected-to-belarus?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144391840&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/05/trusler-fra-london-og-paris-utloser-atomvapenovelse-fra-rusland/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/trusler-fra-london-og-paris-utloser-atomvapenovelse-fra-rusland/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/russia-hopes-to-influence-ukraines?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144389891&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/russia-hopes-to-influence-ukraines?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144389891&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://gilbertdoctorow.com/2024/05/06/here-we-go-further-down-the-slippery-slope-to-wwiii/>

<https://www.youtube.com/watch?v=hzlft13pASY>

[https://korybko.substack.com/p/russias-tactical-nuclear-weapons?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144356398&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/russias-tactical-nuclear-weapons?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144356398&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/05/stovler-pa-bakken-bidens-plan-for-ukraina/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/stovler-pa-bakken-bidens-plan-for-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://www.youtube.com/watch?v=q-D\\_q6AuzzQ](https://www.youtube.com/watch?v=q-D_q6AuzzQ)

[https://steigan.no/2024/05/panikk-i-kiev-kharkov-fronten-vakler/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/panikk-i-kiev-kharkov-fronten-vakler/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://www.bbc.com/news/articles/c72p0xx410xo?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://www.bbc.com/news/articles/c72p0xx410xo?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.globalresearch.ca/europe-middle-east-two-scenarios-same-war/5856979>

<https://www.aftonbladet.se/nyheter/kolumnister/a/nyamJx/karnvapen-i-sverige-for-vissa-ett-hart-slag-mot-den-svenska-sjalvbilden>

[https://steigan.no/2024/05/ukrainas-parlament-vedtar-lov-mot-vernepliktige-som-unndrar-seg-militaeret/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/ukrainas-parlament-vedtar-lov-mot-vernepliktige-som-unndrar-seg-militaeret/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/polands-border-fortification-buildup?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144574432&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/polands-border-fortification-buildup?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144574432&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://informationclearinghouse.blog/2024/05/11/col-douglas-macgregor-do-israel-ukraine-wwiii/11/>

[https://korybko.substack.com/p/a-former-ukrainian-mp-blew-the-whistle?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=144683257&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/a-former-ukrainian-mp-blew-the-whistle?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144683257&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://korybko.substack.com/p/polands-deputy-foreign-minister-made>

[https://steigan.no/2024/05/en-haer-og-et-land-pa-sammenbruddets-rand/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/en-haer-og-et-land-pa-sammenbruddets-rand/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.youtube.com/watch?v=XWZY9hvbLu4>

<https://www.globalresearch.ca/putin-turn-nuclear-armageddon/5856699>

<https://www.globalresearch.ca/ukrainian-azov-brigade-fighter-exposes-conscription-situation/5856792>

[https://steigan.no/2024/05/ukraina-mobiliserer-fanger-til-fronten/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/ukraina-mobiliserer-fanger-til-fronten/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/05/nedtellingen-begynner-for-russlands-ukraina-offensiv/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/nedtellingen-begynner-for-russlands-ukraina-offensiv/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://sputnikglobe.com/20240508/nato-no-boots-on-the-ground-ukraine-strategy-meant-to-silence-wests-loudmouths--1118336759.html>

<https://www.globalresearch.ca/nato-entry-ukraine-war/5856646>

[https://korybko.substack.com/p/korybko-to-sergey-karaganov-nuking?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/korybko-to-sergey-karaganov-nuking?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.globalresearch.ca/western-liars-aggressively-promote-wwiii-europe/5857318>

<https://www.globalresearch.ca/uk-escalates-desire-start-ww3/5857294>

<https://www.youtube.com/watch?v=ejA00AuVvCO>

[https://steigan.no/2024/05/tidligere-sjefsradgiver-for-boris-johnson-vi-skulle-aldri-ha-vaert-i-den-idiotiske-krigen-i-ukraina/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/05/tidligere-sjefsradgiver-for-boris-johnson-vi-skulle-aldri-ha-vaert-i-den-idiotiske-krigen-i-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email)